

Fundargerð stjórnar SOS nr. 315

Staður: Þingborg, Flóahreppi.

Dagsetning og tími: 21. nóvember kl. 13:00.

Mætt voru: Anton Kári Halldórsson (AKH), formaður, Ása Valdís Árnadóttir (ÁVÁ), Fjóla St. Kristinsdóttir (FSK), og Dagný Sif Sigurbjörnsdóttir (DSS), sem ritaði fundargerð. Bragi Bjarnason boðaði forföll. Þá mættu á fundinn Ólafur Wernersson, framkvæmdastjóri Orkugerðarinnar ehf., og Árni Eiríksson, fulltrúi í stjórn Orkugerðarinnar ehf.

1. Skoðun á aðstöðu Orkugerðarinnar

Ólafur Wernersson tekur á móti stjórn SOS í húsakynnum Orkugerðarinnar að Heiðargerði 5, Flóahreppi, og kynnir aðstöðu Orkugerðarinnar fyrir stjórnarmönnum.

2. Kynning á starfsemi Orkugerðarinnar – Ólafur Wernersson og Árni Eiríksson

Ólafur Wernersson og Árni Eiríksson kynna starfsemi og framtíðarsýn Orkugerðarinnar fyrir stjórn SOS. Farið yfir áskoranir og tækifæri í rekstri Orkugerðarinnar og möguleika í nýtingu afurða ásamt úrræðum til að lágmarka lyktarmengun o.fl. Kynnt áform um fyrirhugaðar fjárfestingar í stækkun húsnæðis og kaupum á nýjum búnaði til að auka afköst og svara þannig aukinni eftirspurn vinnslu og afurða.

3. Orkugerðin – Stjórnarfundargerð 9. nóv. 2022

Stjórnarfundargerð Orkugerðarinnar frá 9. nóvember 2022 lögð fram til kynningar.

4. Orkugerðin – Fundarboð hluthafafundar 25. nóv. 2022

Fundarboð lagt fram til kynningar. Farið yfir fyrirhugaðar fjárfestingar og möguleika á aukningu hlutfjár. Ákveðið að formaður sækji hluthafafundinn fyrir hönd stjórnar.

5. Tillögur aðalfundar SOS - Heimild stjórnar til að að leita lausna í úrgangsmálum og ganga á eigið fé

Möguleikar í nýtingu á heimildum stjórnar til að leita lausna í úrgangsmálum og ganga á eigið fé ræddar á breiðum grunni og farið yfir hugmyndir af útfærslum í því tilliti.

5. Önnur mál

Formanni falið af stjórn að hefja vinnu við endurskoðun samþykkta SOS.

Stjórn samþykkir að boðað verði til næsta fundar stjórnar að loknum hluthafafundi Orkugerðarinnar sem fyrirhugaður er 25. nóvember 2022.

Fundi slitið klukkan 16:30.